

S A M Þ Y K K T

Fiskræktarfélag Hvitár og þverár hennar.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktarfélagið Hvitá. Heimili og varnarþing félagsins er þar, sem formaður félagsins er búsettur.

2. gr.

Félagssvæðið er: Allar þær jarðir, sem liggja að Hvitá upp að ósi Reykjadalárs, jarðir þær, sem stunduð er veiði á (eða verður stunduð) í Borgarfirði út til Kistu- höfða og Borgarness, jarðir, sem liggja að Grímsá upp að fossum hjá Oddsstöðum og Tunguá að Englandsfossi, Flókadalsá upp að fossum hjá Varmalæk. Jarðir, sem liggja að Reykjadalásá upp að Giljafossi. Jarðir, sem liggja að Þverá og upprunaá hennar. Lambá, Langavatnaskvísl, Króksvatnsá og Litla-Þverá. Jarðir þær (og sérstöku veiði- itök), sem liggja að Norðurá. Jarðir, sem liggja að Gljúfurá. Verði bætt við svæði þetta, þannig, að lax geti gengið lengra, svo sem með lögum fossa eða færslu vatns- falla, færist það svæði undir félag þetta, hvort sem framkvæmdin er gerð fyrir at- beina félagsins eða af öðrum.

3. gr.

Verkefni félagsins er:

1. Koma upp klakstöðvum til þess að klekja út laxhrognum, og skal silunum sleppt í fyrirtaldar ár eftir ákvæðum félagsstjórnar og aðalfundar.
2. Láta rannsaka möguleika til þess, að lax geti gengið víðar um vatnasvæði Hvitár, og láta gera endurbætur á ám til þess að þær verði aðgengilegri fyrir lax.
3. Koma á samþykktum fyrir ár, þar sem laxveiði getur ekki talizt til arðs, um skipting kostnaðar við að sleppa silum í árnar og aðrar endurbætur til eflingar laxveiði í þeim, sem nauðsynlegar þykja. Skal sú skipting hluttöku vera undir- staða undir deilingu arðs af leigu, ef til kemur.
4. Gangast fyrir því, að áreigendur og notendur bindist samningum um að nota ekki róttækar veiðiaðferðir, sem varnað geti fjölgun laxins í smærri ám.
5. Hafa forgöngu um, þegar áreigendur óska þess, að bjóða út ár til leigu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður, sem jafnframt er féhirðir félagsins og tveir meðstjórnendur. Stjórnin fer með öll mál félagsins á milli aðalfunda: hún er forsvarsmáður þess inn á við og út á við, sér um allar fjárreiður þess og fram- kvæmdir.

5. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn árlega í aprílmánuði og skal stjórnin boða til hans bréflaga með nægum fyrirvara. Atkvæðisrétt hafa allir forsvarsmenn jarða þeirra, eða sérstaks veiðiréttar í ám þeim, sem fyrr eru taldar; fela má öðrum með skriflegu umbóði að fara með atkvæði. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá framkvæmd- um síðastliðið ár og skilar reikningum þess til samþykktar. Þar skal og ræða um og gera ályktanir um framtíðarstarfsemi félagsins og annað það, er félagið varðar, kjósa stjórn og endurskoðendur, þannig: Að á stofnfundi sé stjórnin öll kosin og endur- skoðendur, síðan gangi einn maður úr stjórninni eftir hlutkesti fyrstu tvö árin og annar endurskoðandi árlega. Jafnmargir skulu kosnir til vara. Stjórnin kýs formann árlega. Enginn er skyldur að taka á móti kosningu, sem aðalmaður í stjórn, er hann hefir setið sex ár í henni.

6. gr.

54

24. maí

Kostnað við starfsemi félagsins, stofn- og árskostnað, skal stjórnin jafna niður eftir áætluðu veiðimagni þeirra jarða og sérstakra veiðirétta á svæði því, sem samþykkt þessi nær yfir. Þar sem ár eru leigðar til veiði, skal leigusali greiða af leigunni svo sem leigan væri nettó-ágóði af veiði, sama gildir um þá, sem hafa tekjur af framsali slíkra leigusamninga. Ef leigjandi hefir arð af veiði sinni, ber honum einnig að greiða af þeim arði. Þar sem svo stendur á, að menn nota veiði eða veiðitak til stangaveiða fyrir sjálfa sig eða aðra, án þess að leiga sé greidd fyrir, þá skal meta not þeirrar veiði tiltölulega við svipaða aðstöðu annarsstaðar um leigu og veiði. Þar sem silum er sleppt í ár, sem laxveiði er svo lítil, að ekki er unnt að telja hana til arðs, skulu þeir, sem lönd eiga að ánni, greiða allt að tveim þriðju kostnaðar af þeim silum, sem látni eru í slíkar ár, eftir reikningi félagsstjórnar. Þó skal gjald þetta aldrei vera hærra, en sem svarar því, að laxveiðimenn að meðaltali í Grímsá, Þverá og Norðurá greiða fyrir síli í þær ár með tillagi sínu. Stjórnin hefir sér til hliðsjónar veiðiskýrslur og hlunnindamat við samning niðurbjónunar þessarar, liggur niðurbjónunin síðan undir samþykki aðalfundar og gildir til fimm ára, nema tveir þriðju félagsmanna samþykki að breyta henni. Gjaldlagi á gjöldum til félagsins sé fimmtándi október ár hvert. Stjórnin getur falið umboðsmanni sínum, einum í hverjum hreppi, að annast innheimtu þessa.

7. gr.

Félagsstjórnin má láta veiða lax í klak á hvaða tíma sem er og á þeim stöðum, er hún telur hagkvæmt, án endurgjalds, en gæta verður hún þess, að skemma ekki hrygningarstaði, ef komizt verður hjá því og taka ekki meiri lax, en þörf er á til klaksins.

8. gr.

Samþykkt þessari má breyta á aðalfundi ef tveir þriðju þeirra, sem fundinn sækja, samþykkja það.

9. gr.

Brot móti samþykkt þessari varðar sektum frá þrjátíu krónum til tvö hundruð króna, er rennur í sjóð félagsins.

10. gr.

Nú vilja menn slíta félagi þessu og skal þá geta þess í fundarboði fyrir aðalfund og ef til þess fást þrír fjórðu atkvæða þeirra, sem fundinn sækja, skal stjórnin ráðstafa eignum þess og ef félagið á ekki fyrir skuldum, skal jafna því, sem á vantar, á félagsmenn eftir gjaldskrá félagsins. Verði aftur á móti afgangur af eignum félagsins, skal koma því til geymslu í Söfnunarsjóði Íslands og skal þar ávaxtast þar til félagsskapur í sama tilgangi er myndaður á þessu svæði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. maí 1937.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.